




Fræðslufundur um lífeyrissjóðsmál

Félag eldri borgara
25. janúar 2007

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri
Landssamtaka lífeyrissjóða

Lífið skiptist í þrjú æviskeið

Uppvaxtarárin



Foreldrar og aðrir
aðstandendur sjá
um framfærslu

Starfsævin



Fólk framfleytir
sér með
launatekjum

Eftirlaunaárin



Lífeyrisgreiðslur og
sparnaður. Afkoman
ræðst af fyrirhyggju á
starfsævinni



Algengar spurningar

1. Þarf ég að sækja um um lífeyri frá lífeyrissjóðunum?
2. Til hvaða lífeyrissjóða hef ég greitt á starfsævinni?
3. Eru líkur á því að réttindi mín glatist?
4. Er hægt að flytja réttindi mín milli lífeyrissjóða?
5. Get ég fengið endurgreidd iðgjöld mín?



Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði

- **Flestir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði miða töku ellilífeyris við 67 ára aldur.**
- **Ellilífeyrir er greiddur til æviloka.**

Sveigjanleg starfslok:

- Algengast er að hægt sé að **flýta** töku ellilífeyris til 62 til 65 ára aldurs eða **fresta** tökunni til 70 ára aldurs.
- Sjóðfélaginn á hvorki að hagnast né tapa, hvort sem hann velur að taka lífeyri fyrr eða seinna.
- Ekki skilyrði að viðkomandi sé hættur störfum.



Borgar sig að flýta töku ellilífeyris?

- Sá sem ákveður að flýta töku ellilífeyris fær lægri lífeyrisgreiðslur í lengri tíma.
- Það fer eftir aðstæðum hjá hverjum og einum sjóðfélaga og reglum hjá einstökum sjóðum hvenær það borgar sig að hefja töku ellilífeyris.



Hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

- Hefja má töku ellilífeyris í fyrsta lagi við 65 ára aldur og fresta ellilífeyri til 70 ára aldurs.
- **Taka lífeyris hefst**
- 65 ára 16,2% lækkun
- 66 ára 8,4% lækkun
- 67 ára
- 68 ára 8,2% hækkun
- 69 ára 17,4% hækkun
- 70 ára 27,8% hækkun



Hjá Gildi lífeyrissjóður

- Hefja má töku ellilífeyris í fyrsta lagi við 62 ára aldur og fresta ellilífeyri til 70 ára aldurs.

- **Taka lífeyris hefst**

- 62 ára 35,0% lækkun
- 63 ára 29,4% lækkun
- 64 ára 23,2% lækkun
- 65 ára 16,3% lækkun
- 66 ára 8,6% lækkun
- 67 ára
- 68 ára 7,9% hækkun
- 69 ára 16,9% hækkun
- 70 ára 27,1% hækkun



Fjögur dæmi:

- Ef sjóðfélaginn á lítil lífeyrisréttindi er hugsanlegt að það borgi sig að byrja fyrr og auka þannig líkur á því að fá tekjutengdan lágmarkslífeyri frá almannatryggingum við 67 ára aldur.
- Hægt er að taka út viðbótarlífeyrissparnað frá 60 ára aldri í ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma að sem vantar uppá 67 ára aldurinn. Ef lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóði eru rýr kann að vera skynsamlegt að taka út viðbótarlífeyrissparnaðinn fyrir töku ellilífeyris hjá TR.



Fjögur dæmi:


1. Ef sjóðfélaginn er ekki heilsuhraustur og hefur ástæðu til að ætla að hann lifi ekki lengi er líklegt að það borgi sig að hefja töku ellilífeyris sem fyrst.
2. Ef sjóðfélaginn er heilsuhraustur og það er langlífi í ætt hans kann að vera skynsamlegt að bíða með töku lífeyris til 67 ára aldurs eða jafnvel fresta töku hans til 70 ára aldurs.



Meðalævilengd

○ Þróun undanfarna áratugi fyrir 65 ára		
○ Tímabil	Konur	Karlar
○ 1971-75	17,8	15,0
○ 1981-85	18,7	15,5
○ 1991-95	19,3	16,4
○ 1996-00	19,6	16,7
○ 2001-03	20,5	17,7
○ Lenging	2,7	2,7

Fjöldi lífeyrispega, sem hófu töku ellilífeyris frá janúar 2005 hjá almennu lífeyrissjóðunum.





Viðbótarlífeyrissparnaður

- Hefja má töku viðbótarlífeyris við 60 ára aldur og er inneignin þá greidd út mánaðarlega á a.m.k. sjö árum eða á lengri tíma eftir vali sjóðfélaga.
- Ef sjóðfélagi hefur töku lífeyris eftir 60 ára aldur þá styttist endurgreiðslutíminn sem því nemur.
- Gagnvart bótum almannatrygginga er nú hægt að dreifa útborguðum greiðslum vegna viðbótarlífeyrissparnaðar á 10 ár.



Viðbótarlífeyrissparnaður

- Góð viðbót við greiðslur úr lífeyrissjóði til að tryggja fjárhagslegt öryggi við starfslok.
- Þægilegt sparnaðarform. Launagreiðandi sér um að greiða sparnaðinn til séreignarsjóðs.
- Mótframlag launagreiðanda bætist við sparnaðinn.
- Enginn fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum og enginn eignarskattur af inneign.
- Frestun tekjuskatts og í sumum tilvikum lækkun.



Skipting ellilífeyrisréttinda

- Tekur til þeirra sem eru eða hafa verið í hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist.
- Báðir aðilar þurfa að skipta ellilífeyrisréttindum sínum. Heimilt er að framselja til makans allt að helmingi ellilífeyrisréttindanna.
- Skiptingin skal aðeins taka til áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða mun standa.



Skipting ellilífeyrisréttinda

- ✓ Í fyrsta lagi er heimilt að skipta samtímagreiðslu ellilífeyris, þ.e. þeim greiðslum sem nú fara fram.
- ✓ Í öðru lagi er hægt að skipta áunnum ellilífeyrisréttindum í síðasta lagi sjö árum en taka lífeyris getur fyrst hafist og ef heilsufar hefur ekki dregið úr lífslíkum.
- ✓ Í þriðja lagi er hægt að skipta þeim ellilífeyrisréttindum sem munu ávinnast eftir að samkomulag um skiptinguna hefur verið gert.



Greiðsluskipting ellilífeyrisréttinda

- Skipting á núverandi ellilífeyrisgreiðslum milli maka.
- Skiptingin skal vera gagnkvæm og jöfn
- Við fráfall sjóðfélaga falla greiðslur til maka niður.
- Við fráfall maka fær sjóðfélaginn hins vegar greiddan allan ellilífeyrinn á ný.
- Ellilífeyrisgreiðslur skattleggjast hjá viðtakanda greiðslanna.
- Hægt er að segja samningum upp með 3ja mánaða fyrirvara.



Skattlagning iðgjalda og lífeyris

- *Skattfrelsi iðgjalda*
Iðgjöld launþega dragast frá skattskyldum tekjum hans og launagreiðandi getur dregið framlag sitt frá skatti.
- *Skattlagning lífeyris*
Lífeyrisgreiðslur eru skattlagðar eins og hverjar aðrar vinnutekjur.
- Enginn fjármagnstekjuskattur á lífeyrissjóði eða vörsluaðilia viðbótarlífeyrissparnaðar.



Samspil við bætur almannatrygginga

- Greiðslur frá lífeyrissjóðum og útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar geta lækkað bætur frá almannatryggingum, en þó ekki grunnlífeyri almannatrygginga.

Samspil bóta lífeyrissjóða og almannatrygginga í janúar 2007.

Einstaklingur sem býr einn

Bætur frá líf lífeyris-sjóði	Bætur frá TR	Samtals bætur fyrir skatta	Mismunur kr.
0 kr.	126.537 kr.	126.537 kr.	
50.000 kr.	100.672 kr.	150.672 kr.	24.135 kr.
60.000 kr.	95.499 kr.	155.499 kr.	4.827 kr.
70.000 kr.	90.326 kr.	160.326 kr.	4.827 kr.
80.000 kr.	85.153 kr.	165.153 kr.	4.827 kr.
90.000 kr.	79.980 kr.	169.980 kr.	4.827 kr.
100.000 kr.	74.807 kr.	174.807 kr.	4.827 kr.

Kærar þakkir fyrir gott hljóð!

